



## Hreppsnefnd 1. júní 2001

Fundargrö hreppsnefndar Vopnafjarðrhrepps frá 1. júní 2001

Fundur haldinn í hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps föstudaginn 1. júní kl. 12.00 í Vopnafjarðarskóla. Mættir: Aðalbjörn Björnsson, Hafþór Róbertsson, Steindór Sveinsson, Björn H. Sigurbjörnsson, Árni Róbertsson, Ólafur Sigmarsson og Emil Sigurjónsson. Ennfremur var mættur Þorsteinn Steinsson, sveitarstjóri.

1. mál. Fundargerð hreppsnefndar frá 10. maí sl. Fundargerðin rædd. Spurt var um hvað liði sölu á Hámundarstöðum. Ennfremur var spurt um erindi björgunarsveitarinnar Vopna-Arnar, varðandi veðurathugunarstöð. Sveitarstjóri svaraði framkomnum fyrirspurnum. Fundargerðin síðan samþykkt samhljóða.

2. mál. Fundargerð bygginganefndar frá 22. maí sl. Fundargerðin rædd og bent var á að fallið hafi niður nafn Alexanders Árnasona, fulltrúa í nefndinni og var það leiðrétt. Fundargerðin síðan samþykkt.

3. mál. Fundargerð skólanefndar frá 16. maí sl. Fundargerðin rædd og síðan samþykkt samhljóða.

4. mál. Fundargerð hafnarnefndar frá 21. maí sl. Fundargerðin rædd og skýrði sveitarstjóri frá núverandi stöðu í dýpkunarframkvæmdum. Einnig skýrði hann frá fundi með starfsmönnum Siglingastofnunnar ásamt Ólafi Sigmarssyni og Hafþóri Róbertssyni. Varðandi 3. lið áréttar hreppsnefnd mikilvægi þess að bryggjunni verði skilið þannig að fullnaðarviðgerð verði lokið á stálpilinu eins fljótt og kostur er.

5. mál. Vegamál, tillaga um að færa framkvæmdir skv. vegáætlun, "Vegaskrað-Langidalur" fram fyrir "Vegaskarð-Biskupsháls".

Fram kom svofelld tillaga: " Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps leggur til að höfð verði endaskipti á framkvæmdum þessum þannig að byrjað verði á kaflanum Vegaskarð-Langidalur og kaflinn að Biskuphálsi tekinn í beinu faramhaldi. Verkinu í heild verði lokið eigi síðar en á árinu 2003."

Í gildandi vegáætlun er áætlað fyrir fjármunum til lagfæringa á þjóðvegi eitt á kaflanum Vegaskarð-Biskupsháls á árunum 2002 og 2003. Kaflinn Vegaskarð-Langidalur er á hinn bóginn ekki á áætlun fyrr en árið 2004.

Leiðin um Langadal er talinn mjög varhugaverð sökum hálku og snjóþyngsla og þar hafa slys verið of tíð. Ennfremur var hann ekki hannaður í upphafi sem þjóðvegur 1. Það hlýtur að vera sjálfsögð krafa að lagfæringar af þessum toga á þjóðvegi 1 hafi forgang . Eins og að ofan greinir er því á það lögð áhersla að að breyta forgangsröðinni og flýta verkinu í heild sinni og ljúka því eigi síðar en árið 2003.

Hreppsnefnd samþykkti fyrirbyggjandi tillögu samhljóða.

6. mál. Sundlaug, lagfæring. Lagðar fram hugmyndir að lagfæringu á sundlauginni. Þar er ráðgert að laga aðgengi ofan í laugina og um leið að gera vaðlaug fyrir fyrir unga sem aldna. Ennfremur kom fram að nauðsynlegt væri að endurnýja heitann pott og jafnvel að hafa tvo. Hreppsnefnd samþykkti að fara í þessar framkvæmdir, en gróf áætlun gerir ráð fyrir að kostnaður sé liðlega milljón.

7. mál. Markaðsskirkstofa Austurlands, ársreikningur 2000. Lagður fram til kynningar.

8. mál. Hamrahlíð 26, eignarhald. Sveitarstjóri falið að gera tilboð í eignina í samræmi við verðhugmyndir er lágu fyrir fundinum.

9. mál. Lánasjóður sveitarfélaga, bréf dags. 16. maí sl. Lagt fram til kynningar.

10. mál. Heilbrigðiseftirlit Austurlands bréf dags. 19. maí sl., svar við bréfi Vopnafjarðrhrepps. Lagt fram til kynningar.

11. mál. Bréf Skeggjastaðahrepps, varðandi tilnefningu í stjórn Brunavarna á svæðinu. Tilkynnt að Steinar Hilmarsson hefur verið kosinn í stjórn brunavarna Skeggjastaða- Þórshafnar og Vopnafjarðahrepps.

Nokkur umræða varð um það hvort ekki væri eðlilegast að mynda byggðasamlag um reksturinn, en í samkomulaginu er gert ráð fyrir að kanna hvort slíkt sé ekki heppilegt.

12.mál.Umhverfismál, verkefnið Fegurri sveitir, hreinsun svæða, gömul hús o.fl. Sveitarstjóra falið að leita leiða til að fá eigendur til að lagfæra eða fjarlægja gömul hús í sveitarfélaginu. Ennfremur rætt um hreinsun opinna svæða og hreinsunarátak almennt.

13. mál. Jarðanefnd bréf dags.29. maí sl. varðandi Deildarfell og Borgir. Lagt fram til kynningar.

14. má. Fyrirhugaður þingmannafundur 5. júní nk. Sveitarstjóri lagði fram fyrirhugaða dagskrá fyrir væntanlegan fund. Miklar umræður urðu um fyrirkomulag fundarins og þau málefni er rædd yrðu. Samþykkt var að fela sveitarstjóra, oddvita og varaoddvita að undibúa fundinn.

15. mál. SSA, aðalfundur á Vopnafirði dagana 23. og 24. ágúst nk. Einnig tekið fyrir á síðasta fundi hreppsnefndar. Gerð grein fyrir undirbúningi málsins. Hreppsnefndin var sammála um að standa myndarlega að undirbúningi aðalfundarins og skipa sérstaka undirbúningsnefnd til þess að annast framkvæmdina.

16. mál. Bréf Kiwanisklúbbsins Öskju frá 24. maí sl. varðandi húsnæðismál, þar sem spurst er fyrir um húnæði fyrir klúbbinn í Kaupvangi. Endanleg ákvörðun um notkun hússins liggur ekki fyrir. Hreppsnefnd getur því ekki orðið við erindinu að svo stöddu en tekur jákvætt í að skoða málið þegar þar að kemur.

17. mál. Ýmislegt: a) Fundargerð heilbrigðisnefndar Austurlands frá 11. maí sl.  
b) Fundargerð Hafnarsambands sveitarfélaga frá 9. mars og 11. maí 2001.

18. mál. Lagt fram bréf dags 1. júní frá Einari Þór Sigurjónssyni, þar sem óskað er eftir vínveitingarleyfi á Hótel Tanga. Hreppsnefnd Vopnafjarðahrepps samþykkir að veita Einari Þór bráðabirgðaleyfi meðan unnið er að frágangi endanlegs leyfis.

19. mál Önnur mál. Spurt var um skipulag sumarhúsabyggðar á Þorbrandsstöðum. Ennfremur rætt um sumarleyfi hreppsnefndar. Hugmynd kom fram um að síðasti fundur fyrir sumarleyfi verði um miðjan júní og fyrsti fundur eftir sumarleyfi verði um miðjan ágúst.

Fleira ekki gert og fundi slitið.